

úrskurð á það, með því að tilskipun 28. desembermán. 1836 ekki er leidd í lög á Íslandi, skal þess getið, að samkvæmt almennum reglum um sambandið milli undirgefina og yfirboðinna yfirvalda getur enginn efi leikið á, að amtið hefir vald til þess, sem hér er um að ræða, og eruð þér því beðnir, að færa reikningana niður, ef þess þykir þurfa — — — — —

1869.
9. marz.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir flutning á sveitarómaga frá Kaupmannahöfn til Íslands.

9. marz.

Í bréfi dagsettu 28. ágústmán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þér samkvæmt samningi, er gjörður hefir verið milli bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn og hins sameinaða gufuskipafélags um flutning á sveitarómaganum Jóni Þorlákssyni, sem á sveit í Hvolhrepp í Rangárvallasýslu, frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, hafið til bráðabirgða borgað kostnaðinn, er af þessu hefir leidd, alls 49 rd., og hafið þér nú beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvernig eigi að endurgjalda tæða upphæð. Þér hafið látið það álit í ljósi um þetta, að þareð ekkert lagaboð er til, sem gildir á Íslandi um þetta efni, þá muni samkvæmt lögum 14. marzmán. 1867, er gilda í Danmörk um flutning á þurfamönnum og öðrum til átt Haga þeirra, bæjarfélag það, sem hefir sent þurfamanninn af sèr heimleiðis, eiga að greiða flutningskostnaðinn, því að eptir merkingunni í tæðum lögum verði að skoda Ísland meðal útlanda gagnvart Danmörk, eður, ef það verður ekki álitit, að þá eigi bæjarfélagið, sem sendi ómagann af sèr, að greiða helminginn af kostnaðinum til flutnings hans til átt Haganna, og sveitin, þar sem hann á framfærslurætt, eða þá jafnaðarsjóður suðuramtsins, ef að stjórnarráðið vildi veita samþykki sitt til þess, hinn helminginn.

Dómsmálastjórnin hefir nú leitað álits innanríkisstjórnarinnar um málefni þetta, og hefir hún sent hingað álitsskjal frá bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn um það. Í álitsskjali þessu segir

1869.

9. marz.

bæjarstjórnin, að eptir því sem hafi samizt milli sín og stiptamtamannsins, hafi hún haft fulla ástæðu til að halda, að framfærsluhreppurinn, sem í hlut á, og sem kannaðist við, að Jón Þorláksson væri þar sveitlægur, hafi ekki verið því mótmæltur, að hann væri sendur til áttþaga sinna. Það sè almenn regla, sem sè viðurkennd bæði fyrir Ísland og hina aðra hluta Danmerkur, að framfærsluhreppurinn sè skyldur að endurgjalda sveitinni, þar sem ómaginn hefir dvalið, allan kostnað, sem hún hefir haft af honum, nema eitthvað sè undan skilið með skýlausum lagaákvörðunum. Að því er Ísland snertir, sè ekki gjörð nein undantekning frá þessari almennu reglu í tilliti til þess atriðis, sem hér ræðir um, og því virðist að sinni hyggju beinlínis leiða af henni, að sveitarfélögin á Íslandi eigi að öllum jafnaði að greiða kostnaðinn til þess að flytja ómaga, sem þar eru sveitlægir, til áttþaga þeirra frá hëruðum í Danmörk sjálfri. Hún fái heldur ekki sèð, hvernig áður nefnd lög 14. marzmán. 1867, sem alls ekki gilda á Íslandi, verði heimfærð uppá þetta beinlínis nè óbeinlínis, á þann hátt að sveitarfélag á Íslandi fyrir þau skyldi losast undan skyldum þeim, sem á því hvíla, og að endingu skuli hún geta þess, að eins og hún fyrir sitt leyti aldrei mundi skorast undan að borga kostnaðinn, er risi af flutningi þurfamanns, sem ætti framfærslurétt í Kaupmannahafnar bæjarfélagi, hingað frá Íslandi, eins hafi, að menn viti, aldrei áður neitt sveitarfélag á Íslandi, sem hefir kannast við að vera skylt að endurgjalda styrk, sem Íslendingi hefir verið veittur, skorast undan að endurgjalda kostnaðinn til flutnings hans heimleiðis. Samkvæmt álitsskjali þessu hefir innanríkisstjórnin sagt svo, að það sè engin heimild fyrir, allrasízt í lögum 14. marzmán. 1867, að gjöra bæjarfélagi Kaupmannahafnar að skyldu að greiða kostnað þann, sem hér ræðir um, hvorki að öllu nè að nokkru leyti, heldur eigi að sinni hyggju framfærsluhreppur sveitarómagans að borga hann samkvæmt reglu þeirri, er ávallt hefir verið álitíð að gildi í þessu efni, smbr. opið bréf 14. desembermán. 1810, 9. gr.

Um leið og yður er kunngjört þetta, herra stiptamtmaður, skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og

til þess að þér auglýsið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti álitur þeim mun minni ástæðu til að hika sér við að fallast á álit bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn og innanríkisstjórnarinnar, sem með þessu er kannast við, að minnsta kosti að því er snertir Kaupmannahöfn, og innanríkisstjórnin hefir ekki mótmælt því, að eitt skuli ganga yfir Ísland og Danmörk í þessu efni, þó það sé í gagnstæða átt við það, sem þér hafið hugsað yður, herra stiptamtmaður, og ber því framfærsluhreppnum, sem í hlut á, að greiða fê það, sem hér er rædt um, 49 rd. að upphæð.

1869.

9. marz.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að eptirgjaldið af Snæfellsnessýslu sé fært niður.

9. marz.

Útaf bænarskrá þeirri, sem barst hingað með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 19. maímán. f. á., þar sem P. Böving, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, sækir um uppgjöf á eptirgjaldinu af tæðri sýslu, hefir dómsmálastjórnin skrifast á við fjárhagsstjórnina og síðan leitað samþykkis ríkisþingsins í frumvarpinu til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið 1869—70 — smbr. athugasemdirnar við frumvarpið, sem prentaðar eru, 56. bls. — til þess að eptirgjaldið af Snæfellsnessýslu verði sett niður um helming, og er nú veitt í fjárhagslögunum fyrir næsta fjárhagsár, sem voru staðfest af konungi 26. f. m., að færa megi niður eptirgjaldið af opt nefndri sýslu í 40 rd. á ári.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um formið á skýrslum um aðgjörðir yfirdómsins á Íslandi.

9. marz.

Með bréfi dagsettu 13. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra